



FUNDARGERÐ 489. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 5. desember 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir í fjarveru Árelíu Eyðísar Guðmundsdóttur, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Málefni endurvinnslustöðva – farið verður yfir verkefnatillögu vegna framtíðarskipan endurvinnslustöðva og verkefnatillögu vegna staðsetningar stöðvar í stað Dalveg

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, og Karen Hulda Kristjánsdóttir, verkefnastjóri á endurvinnslustöðvum, taka sæti á fundinum. Guðmundur greinir frá vinnu ráðgjafa við staðarvalsgreiningu á endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, og verkefnalýsingu starfshóps um nýja staðsetningu í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.

„Stjórn SORPU fagnar því að vinna við heildstæða stefnumótun fyrir endurvinnslustöðvar SORPU sé hafin. Stjórn leggur til að skipaður verði starfshópur, sem samanstendur af tæknimönnum sveitarfélaganna sex, sem þegar hafa með góðum árangri samræmt sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og komið á sersöfnun á matarleifum, undirbúið samræmda útfærslu á grenndarstöðvum, samþykktum fyrir sveitarfélögin í úrgangsmálum, og samræmingu á gjaldskrárgrunni fyrir gjöld sem snúa að meðhöndlun úrgangs. SORPA leggi hópnum til verkefnastjóra og starfshópur kynni framgang verkefnisins reglulega á stjórnarfundi, og skili lokaafurð 1. október 2024.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að rita erindisbréf starfshópanna.“

Guðmundur og Karen víkja af fundi klukkan 08:37.

2. Innri endurskoðunaráætlun SORPU bs. kynnt

Guðfinnur Sigurvinsson tekur sæti á fundinum klukkan 08:40.

Jón Sigurðsson endurskoðandi PwC, og Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi í endurskoðunarnefnd SORPU, taka sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði klukkan 08:40.

Gestir gera ráð fyrir innri endurskoðunaráætlun SORPU bs.

Gestir víkja af fundi klukkan 08:59.

Stjórn samþykkir framlagða innri endurskoðunaráætlun.



3. Pokar undir matarleifar – minnisblað frá tæknimönnum sveitarfélaga kynnt

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 09:00.

Ísól Fanney og Gunnar Dofri gera grein fyrir minnisblaði um áframhaldandi dreifingu á pokum undir matarleifar.

„Stjórn SORPU fagnar góðum árangri af nýju sorphirðukerfi. Árangur af því er framar vonum og ljóst að íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið vel í nýtt kerfi. Til að tryggja áframhaldandi árangur í flokkun matarleifa er mikilvægt að halda áfram gjaldfrjálsri dreifingu bréfpoka til íbúa að sinni. Stjórn felur framkvæmdastjóra að tryggja að svo verði, og tryggja markvissa dreifingu bréfpoka til íbúa á starfssvæði SORPU.“

Ísól vísar af fundi klukkan 09:27.

4. Erindi frá áhættunefnd SORPU – kynning og samþykkt á stefnum SORPU bs.

Bergþór Guðmundsson, sérfræðingur í gæðastjórnun hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 09:28.

Bergþór og Sigríður kynna samþykkt á stefnum SORPU er varða upplýsingaöryggi, innkaup, mannauðs- og launastefna, og öryggis- og heilbrigðisstefna.

Sigríður gerir grein fyrir áhættuskrá SORPU.

Stjórn samþykkir fram lagðar stefnur SORPU. Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að uppfæra skipurit SORPU þannig að áhættunefnd SORPU heyri beint undir stjórn.

Bergþór vísar af fundi klukkan 09:40.

5. Staða og horfur á útflutningi á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir útflutningi á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu. Fyrstu baggar af blönduðum úrgangi voru settir í gám þann 1. desember síðastliðinn og verða fluttir út til orkuvinnslu þann 6. desember. Gert er ráð fyrir að útflutningur á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu taki alfarið við af urðun í Álfsnesi um miðjan desember.

Stjórn fagnar því að útflutningur á blönduðum úrgangi sé hafinn, með tilheyrandi samdrætti í urðun í takt við nýjan viðauka við eigendasamkomulag SORPU.

6. Erindi frá Félagi atvinnurekenda

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda vegna hvatningar SORPU á svokölluðum svörtum föstudegi þann 24. nóvember síðastliðinn að staldra við og halda kaupum í lágmarki.

Málið er tekið til umræðu og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

7. Áfrýjun á dómi Landsréttar í máli ÍAV og SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeirri ákvörðun að fela lögmönnum SORPU í málinu að leita heimildar til áfrýjunar niðurstöðu Landsréttar til Hæstaréttar.



Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 19. desember klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:08.